

FUNDARGERÐ

Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 8. fundur

Þriðjudaginn, 25. mars 2025

17:00-19:40

Háskóli Íslands, Askja, N-132

Fundarstjóri: Arent Orri J. Claessen

Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson

Mætt eru:

Andrea Pórey Sigurðardóttir, varafulltrúi í stúdentaráði, Röskva

Andri Már Tómasson (án atkvæðisréttar)

Anna Sóley Jónsdóttir, stúdentaráðsliði, Vaka

Ármann Leifsson (án atkvæðisréttar)

Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, stúdentaráðsliði, Vaka (Gunnar Freyr tók við atkvæði á miðjum fundi)

Birkir Snær Brynleifsson, stúdentaráðsliði, Vaka

Eiríkur Kúld Viktorsson, stúdentaráðsliði, Vaka

Gunnar Ásgrímsson, stúdentaráðsliði, Vaka

Gunnar Freyr Þórarinsson, varafulltrúi í stúdentaráði, Röskva (tók við atkvæði Ásthildar Berthu á miðjum fundi)

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir, varafulltrúi í stúdentaráði, Röskva

Ísleifur Arnórsson, stúdentaráðsliði, Röskva

Jóhann Almar Sigurðsson, stúdentaráðsliði, Vaka

Katla Ólafsdóttir, stúdentaráðsliði, Röskva

Katrín Ósk Arnarsdóttir (án atkvæðisréttar)

Kjartan Leifur Sigurðsson, varafulltrúi í stúdentaráði, Vaka (tók við atkvæði Ragnheiðar Geirsdóttur á miðjum fundi)

Kristófer Breki Halldórsson (án atkvæðisréttar)

Mathias Bragi Ölvísson (án atkvæðisréttar)

Patryk Edel, stúdentaráðsliði, Röskva

Ragnheiður Geirsdóttir, stúdentaráðsliði, Vaka (Kjartan Leifur tók við atkvæði á miðjum fundi)

Sigurbjörg Guðmundsdóttir (án atkvæðisréttar)

Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði, Röskva

Sæþór Már Hinriksson (án atkvæðisréttar)

Tinna Eyvindardóttir, stúdentaráðsliði, Vaka

Védís Drótt Cortez, varafulltrúi í stúdentaráði, Röskva

Viktor Pétur Finnsson (án atkvæðisréttar)

Viktória Tea Vökudóttir (án atkvæðisréttar)

I. Fundur settur klukkan 17:01.

Meeting begins at 17:01.

II. Fundargerð fundar þann 25. febrúar 2025 borin upp til samþykktar

Minutes of the meeting on February 25, 2025, submitted for approval.

Fundargerðin er samþykkt einróma.

III. Tillaga um aðgengi í Eirbergi.

Proposal on accessibility in Eirberg.

Flutningsmaður: Eiríkur Kúld Viktorsson.

Stúdentaráð Háskóla Íslands skal beita sér fyrir því að aðgengi innan Eirbergs verði stórbætt, þar sem það er sérstaklega ábótavant þar, einkum þegar kemur að stigum frá

anddyri byggingarinnar. Fara þarf ýtarlega yfir aðgengismál í byggingunni allri og sjá til þess að hún sé aðgengileg öllum.

Eiríkur kynnir efni tillögunnar.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

IV. Tillaga um afstöðu SHÍ til tímasetninga sjúkra- og endurtektaprófa.

Proposal on SHÍ's position on the scheduling of make-up and retake exams.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir.

Stúdentaráð áréttar skýra afstöðu sína til þess að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri skulu haldin í desember og/eða janúar eftir lokapróf. Stúdentaráð leggst alfarið gegn því að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri verði færð aftur til loka vormisseris.

Ragnheiður kynnir tillöguna.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

V. Tillaga um Ástráð sem skylduáfangi í læknisfræði.

Proposal on making Ástráður a mandatory course in medicine.

Flutningsmenn: Eiríkur Kúld Viktorsson.

Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að áfanginn Ástráður (416G) verði gerður að skyldu í læknisfræði.

Eiríkur kynnir tillöguna.

Forseti segist vera almennt á móti því að skylda fólk í einhverja áfanga, spyr nánar út í framkvæmd. Eiríkur segir þetta vera alveg frjálst val og það sé hægt að sleppa því að taka þennan áfanga og taka engan í staðinn.

Styrmir spyr út í einingar fyrir áfangann. Katrín Ósk, formaður Ástráðs svarar.

Katla spyr út í flutningsmenn á tillögunni. Forseti svarar að Eiríkur sé að flytja tillöguna einn.

Styrmir styður tillöguna.

Kosið er um tillöguna og hún einróma samþykkt.

VI. Tillaga um bættar gangbrautamerkingar við HÍ.

Proposal on improved crosswalk markings at the University of Iceland.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð krefjist bættri merkingu á gangbrautum við götur Háskóla Íslands. Eftirfarandi götur þurfa bættar merkingar: Sturlugata (gangbraut frá Öskju yfir að Grósku), Sæmundargata (gangbraut frá malarstæði yfir að háskólabýggingum), Suðurgata (gangbraut frá Þjóðminjasafni í átt að Þjóðarbókhöðunni).

Styrmir kynnir tillöguna.

Kosið er um tillöguna og hún einróma samþykkt.

VII. Fundarhlé 17:13-17:23.

Break.

VIII. Tillaga um gegnsæi í fjármögnun framboða.

Proposal on transparency in campaign financing.

Flutningsmenn: S. Maggi Snorrason og Mathias Bragi Ölvísson.

Undirritaður leggur til að lagaráði sé gert að útfæra í drögum nýrra samþykktu stúdentaráðs ákvæði sem gildir einnig fyrir þessar kosningar. Skal það ákvæði skylda framboð til ráðsins að opinbera ársreikninga sína og uppruna fjármuna. Skulu ársreikningar gerðir aðgengilegir á heimasíðu ráðsins.

Mathias Bragi kynnir tillöguna.

Júlíus segir að þetta muni ekki nást fyrir kosningar enda þyrfti lagaráð að koma saman með of stuttum fyrirvara. Hann segir að praktískt séð sé erfitt að ná henni fram. Með henni séu þungar kröfur settar á fylkingar sem séu ekki í takt við að fólk starfi í sjálfbóðaliðastarfi. Sér í lagi væri þetta erfitt fyrir aðra en Vöku og Röskvu, t.a.m. einstaklingsframboð. Hann bætir því við að Vaka hafi ekkert að fela og því hafi Vaka þegar birt sundurliðun um fjármögnun félagsins á undanfögnu starfsári og dreifir hann blöðungum til fundarmanna.

Forseti tekur undir orð Júlíusar og bætir því við að honum finnist bagalegt að stúdentaráð samþykki tillögur sem fela í sér skipun eða tilmæli til lagaráðs.

Mathias svarar og segir að tillagan sé meira eins og viljayfirlýsing til lagaráðs og það sé í höndum þeirra nefndar að útfæra tillöguna nánar. Þá sé lítið mál að útfæra tillöguna á þann veg að einstaklingar séu undanþegnir. Hann telur þetta vera framfaramál og mikilvægt fyrir gagnsæi, segir blöðunginn frá Vöku ekki gefa nægilega glögga mynd, bætir við að hann ætli að gera svipað fyrir Röskvu.

Kosið um tillöguna

Andrea Þórey og Ísleifur kjósa með tillögunni, allir atkvæðisbærir fulltrúar Vöku kjósa gegn henni, aðrir sitja hjá. Tillagan er felld.

IX. Tillaga um breytingar á reglum Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Proposal on changes to the rules of the Student Innovation Fund.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Tillagan felur í sér breytingar á reglum Nýsköpunar námsmanna til þess að auka stuðning við nemendur í vísindum innan háskólans. Þar ber helst að nefna hækkun á grunnstyrk, að styrkur megi vera hluti af lokaverkefni nemanda, og að verkefnið megi dreifast yfir fleiri mánuði en júní, júlí, og ágúst (þó að hámarksstyrkur fyrir hvern einstakling sé enn samsvarandi þremur mánuðum).

Styrmir kynnir tillöguna.

Forseti bendir Styrmi á að heppilegra væri að bæta við línu um að stúdentaráð krefjist þess að þetta sé gert. Þar sem stúdentaráð hefur ekki völd til þess að breyta þessum reglum. Styrmir samþykkir það.

Andri Már bendir á að það gæti verið þörf á að breyta reglum háskólans um þetta. Andri, forseti, og Styrmir ræða það.

Kosið um tillöguna og hún einróma samþykkt.

X. Tillaga um aukið öryggi á Stúdentagörðum.

Proposal on increased security at Student Housing.

Flutningsmaður: Patryk Edel.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að öryggi á Stúdentagörðum verði bætt. Í því felst meðal annars að auka eftirlit á Stúdentagörðum og að hægt verði að nálgast aðstoð frá Félagsstofnun stúdenta (FS) um helgar og á sumrin.

Patryk kynnir tillöguna.

Júlíus tekur undir tillöguna.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

XI. Tillaga um hækkun úthlutana úr Rannsóknarsjóði Rannís.

Proposal on increasing allocations from the Rannís Research Fund.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Tillagan felur í sér hækkun á úthlutun frá Rannsóknarsjóði Rannís til þess að styðja betur við doktorsnema við Háskóla Íslands

Styrmir kynnir tillöguna.

Júlíus og forseti ræða orðalag. Styrmir samþykkir að breyta orðalagi í takt við að stúdentaráð krefjist hækkunar, enda hafi stúdentaráð ekki völd til að hækka úthlutunina einhliða.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

XII. Tillaga um matarsjálfsala í Háskólabíó.

Proposal on food vending machines in Háskólabíó.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð komi á sjálfsala á vegum Hámu/FS í Háskólabíó sem inniheldur samlokur og önnur matvæli frá Hámu.

Styrmir kynnir tillöguna.

Júlíus leggur til að breyta tillögunni. Hann vill ekki skilyrða tillöguna við Hámu eða FS, hafa hana opnari. Hann stingur upp á því að tillagan verði orðuð í takt við það en taka fram að æskilegt sé að sjálfsalinn sé rekinn af FS Styrmi líst vel á það og fellst á að breyta henni í takt.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

XIII. Tillaga um flutninga MVS í Sögu.

Proposal on the relocation of MVS to Saga.

Flutningsmenn: Magnús Bergmann Jónasson og Ármann Leifsson.

Undirritaðir telja tímabært að Stúdentaráð (SHÍ) tjái sig vegna þeirra tafa sem hafa orðið á flutningum Menntavísindasviðs frá Stakkahlíð yfir í Sögu. Lagt er til að SHÍ gefi út yfirlýsingu opinberlega þar sem núverandi ástand er fordæmt og úrbóta krafist. Með fylgir tillaga höfunda að slíkri yfirlýsingu.

Ármann kynnir tillöguna. Hann flytur yfirlýsingu.

Forseti hefur ekki út á yfirlýsinguna að setja en segir því haldið fram í kosningaefni Röskvu að skrifstofa hafi ekki aðhafst í málinu og það sé rangt.

Gunnar Ásgrímsson tekur undir með Ármanni að staðan sé óviðunandi. Hann segir yfirlýsinguna eiga rétt á sér en hún sé of seint fram komin enda séu flutningar að fara að eiga sér stað bráðlega. Gerir athugasemdir við kosningamyndbönd Röskvu.

Andrea segist vera sammála mörgum sem Gunnar segir en það hafi verið skortur á gegnsæi á Menntavísindasviði. Hún styður tillöguna.

Andri Már tekur heilshugar undir yfirlýsinguna.

Ármann svarar og segir að hér sé myndbandið ekki til umræðu heldur tillagan. Biður um að tillagan sé metin af verðleikum. Hann bætir því við að hann geti ekki vitað hvað eigi sér stað á þeim fundum sem forseti og Gunnar sækja. Hann vill að SHÍ tali hærra í þessu máli.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

XIV. Uppgjör.

Framkvæmdastjóri fer yfir uppgjör Októberfest.

Stiklað á stóru um hátíðina. Miðaverð hafi verið það sama og í fyrra. Bjórinn hafi verið ódýrari í einhverjum tilfellum.

Engin alvarleg atvik urðu. Þrjú minniháttar sem farið er yfir. Mikil áhersla hafi verið á öryggismál í ljósi aðstæðna, það hafi tekist einkar vel og verði áfram megináhersla fyrir næstu hátíð.

Hátíðin hafi verið sú umhverfisvænasta hingað til. Nefna að rusl hafi verið flokkað í fyrsta sinn, hátíðin að hluta til rekin á rafmagni, og að hægt hafi verið að fá vatn úr vatnstanki.

Farið yfir tölur varðandi fyrra fyrirkomulag hátíðarinnar.

Næst farið yfir hvernig fyrirkomulag sé núna, þ.e.a.s. hvað falli í hlut stúdentaráðs.

Kostnaður sundurliðaður en heildarkostnaður er 78.463.515 krónur.

Hluttur SHÍ úr hátíðinni er 27.090.486 krónur.

Tekjur hafi verið 116.800.000 krónur. Heildarhagnaður hátíðar hafi verið 38.400.000 krónur en vegna hagnaðarskiptingar við verktaka í barsölu sé hluttur SHÍ það sem áður segir.

Katla spyr hvort að sáttargreiðslan sé inni í þessu. Forseti svarar að svo sé ekki enda sé hún ekki hluti af eðlilegum rekstri hátíðarinnar. En auðvelt sé að gera ráð fyrir henni í tölunum.

Styrmir spyr hvers vegna áætlanir gerðu ráð fyrir meiri kostnaði. Framkvæmdastjóri svarar að hún hafi viljandi verið stillt frekar hátt þar sem betra sé að ofáætla en að vanáætla.

Andri Már segir að stór ástæða fyrir fyrra fyrirkomulagi hafi verið svo að skrifstofa geti einbeitt sér að hagsmunabaráttu. Spyr hvað forseta og framkvæmdastjóra finnist um það. Forseti segir þetta vera í sjálfu sér rétt en það megji ekki hunsa hvað þetta séu mikið af peningum sem stúdentaráð varð af. Núna séu verktakar komnir inn í þetta og því muni vinnuframlag skrifstofu verða minna með hverri hátíð.

Ísleifur spyr meira út í áform um stofnun félags um hátíðina og nefndar sem gæti annast skipulag. Forseti svarar með hugmyndum sínum um fjölmenna nefnd sem sér að hluta til um hátíðina og gæti gefið nemendafélögum færi á að taka þátt.

Júlíus nefnir myndband sem birtist á miðjum fundinum um októberfest. Hann vill halda því til haga að fulltrúar Röskvu í stjórn samþykktu allar ráðstafanir sem gerðar voru tengdar októberfest og að fulltrúar Röskvu í stúdentaráði sátu hjá við atkvæðagreiðslu.

Patryk spyr hvort til séu tölur um miðasölu frá fyrri árum. Forseti svarar að svo sé ekki.

Andri nefnir að sniðugt væri að hleypa nemendum nær hátíðinni við alls kyns störf í þágu hennar. Forseti tekur undir.

Framkvæmdastjóri tekur fram að uppgjör fyrir árshátíðina sé ekki tilbúið enda sé svo stutt síðan hún var. Árshátíðin hafi verið rekin í tapi eins og spáð var fyrir. Styrmir spyr um heildarkostnað árshátíðarinnar. Framkvæmdastjóri svarar að heildarkostnaður hafi verið um 20 milljónir.

XV. Bókfærð mál og tilkynningar.

Recorded matters and announcements.

Janus Arn Guðmundsson segir af sér í kjörstjórn og Sigurður Helgi Birgisson tekur hans sæti. Þetta er staðfest einróma.

XVI. Önnur mál.

Other matters.

- i. Tillaga um þrýsting á yfirvöld vegna bættra samgangna.

Proposal on pressing authorities for improved transportation connections.

Flutningsmenn: Arent Orri Jónsson Claessen, Júlíus Viggó Ólafsson og Katla Ólafsdóttir.

Við undirrituð leggjum til að Stúdentaráð Háskóla Íslands taki frumkvæði og tryggi að stúdentar verði með í ráðum og öðrum ákvarðanatökuferlum sem snúa að samgöngum til og frá háskólasvæðinu. Við teljum að það sé nauðsynlegt að stúdentar séu fullgildir aðilar í umræðum um framtíðarsýn og framkvæmdarplön varðandi samgöngur í höfuðborgarsvæðinu.

Enn fremur leggjum við til að Stúdentaráð kalli eftir formlegum samráðsvettvangi þar sem fer fram samtal milli skólayfirvalda og stúdenta annars vegar og hins vegar milli skólayfirvalda, stúdenta og borgarstjórnar. Slík samstörf eru lykilatriði að því að finna lausnir sem bæta aðgengi, skilvirkni og öryggi samgangna, til hagsbóta fyrir alla sem eiga erindi á háskólasvæðið. Einnig er lagt til að stúdentaráð stofni starfshóp í kringum málefnavinnu vegna þessa.

Kosið er um hvort að tillagan verði tekin fyrir. Það er samþykkt einróma.

Forseti kynnir efni tillögunnar.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- ii. Tillagan um að SHÍ beiti sér opnun bygginga HÍ yfir páskana.

Kosið um hvort að tillagan verði tekin fyrir, einróma samþykkt að taka hana fyrir.

Undirritaður leggur til að SHÍ beiti sér fyrir því að byggingar Háskóla Íslands verði opnar með aðgangskorti yfir páskana, sérstaklega í ljósi þess að páskahátíðin ber upp á prófatímabil í ár.

Mathias kynnir efni tillögunnar.

Forseti segir þetta flotta tillögu.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- iii. Bókanir

Styrmir Hallsson flytur bókun sem er svohljóðandi:

Við fögnum því að fá loksins að sjá uppgjör Októberfest og að það sé blessunarlega jákvætt.

Við verðum hins vegar að gagnrýna harðlega að uppgjorið hafi ekki borist fyrr, núna rúmum sex mánuðum frá því að hátíðin var haldin.

Líka sérstaklega fyrst engin fjárhagsáætlun var samþykkt í ár, sem er þvert á lög Stúdentaráðs og mjög varhugavert. Ég vísa hér í d. lið 23. greinar laga Stúdentaráðs.

Eins og í fyrri gagnrýni ítrekum við gagnrýnina á þann áhætturekstur sem SHÍ er núna komið út í, og var settur út í, þar sem það er alls ekki víst að hagnaðurinn verði svipaður á næsta árum.

Tilgangur fyrri fyrirkomulags var að fyrri skrifstofa gæti unnið sína vinnu í hagsmunastarfið ásamt því að það var tryggt að SHÍ myndi aldrei tapa á hátíðinni.

Júlíus Viggó Ólafsson flytur bókun sem er svohljóðandi:

Vaka áréttar það að fulltrúar Röskvu í stjórn SHÍ kusu með öllum ákvörðunum um breytingar á rekstrarformi Októberfest á fundum stjórnar SHÍ og að fulltrúar Röskvu í

Stúdentaráði sátu hjá í atkvæðagreiðslu um breytingu á rekstrarformi Októberfest, en kusu ekki á móti.

Fundi slitið.

Atkvæðagreiðslur fara fram um liði II. – VI., VIII. – XIII., og XVI.

Tímalína.

Fundur settur: 17:00

Fundargerð fundar þann 25. febrúar 2025 borin upp til samþykktar: 17:00–17:05

Tillaga um aðgengi í Eirbergi: 17:05–17:15

Tillaga um afstöðu SHÍ til tímasetninga sjúkra- og endurtektaprófa: 17:15–17:25

Tillaga um Ástráð sem skylduáfangi í læknisfræði: 17:25–17:35

Tillaga um bættar gangbrautamerkingar við HÍ: 17:35–17:45

Fundarhlé: 17:45–17:55

Tillaga um gegnsæi í fjármögnun framboða: 17:55–18:05

Tillaga um breytingar á reglum Nýsköpunarsjóðs námsmanna: 18:05–18:15

Tillaga um aukið öryggi á Stúdentagörðum: 18:15–18:25

Tillaga um hækkun úthlutana úr Rannsóknarsjóði Rannís: 18:25–18:35

Tillaga um matarsjálfsala í Háskólabíó: 18:35–18:45

Tillaga um flutninga MVS í Sögu: 18:45–18:55

Uppgjör: 18:55–19:15

Bókfærð mál og tilkynningar: 19:15–19:20

Önnur mál

– Tillaga um þrýsting á yfirvöld vegna bættra samgangna: 19:20–19:30

– Tillaga um útgáfu alþjóðabæklings fyrir erlenda stúdenta: 19:30–19:40